

Með þessu erindi vil ég undirritaður koma á framfæri ábendingum til velferðarnefndar vegna þeirra skilgreininga á hugtökum um fjarheilbrigðisþjónustu sem kynntar eru í nýju frumvarpi að breytingum á lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu.

Ábendingarnar varða skort á samræmi og samhengi í hugtakanotkun innan heilbrigðis- og velferðarþjónustu, aðgreiningu hópa eftir aldri og færniskerðingu og vangaveltum um greinamun á rafvæðingu þjónustu og velferðartækni og fjarheilbrigðisþjónustu og aðgreiningu þjónustukerfa (sílóvæðingu).

1. Í ljósi mikilvægis samræmingar og samþættingar og þess að nú vinna ráðuneyti heilbrigðismála og félags- og vinnumarkaðsmála og fl. ráðuneyti, að sameiginlegum verkefnum sem snúa að málefnum eldra fólks vaknar sú áleitna spurning hvað valdi því að þessi ráðuneyti virðast ekki eiga samleið í þessu frumvarpi. Einnig vekur athygli að áherslur innviðaráðuneytið (málefni sveitarfélaga – byggðaáætlanir – nýsköpun og þróun) á þessu sviði virðast ekki vera hluti af þessari vegferð. Í þessu sambandi leyfir undirritaður að vekja athygli á eftirfarandi:
 - a. Árið 2014 var haldin ráðstefna á Akureyri, í samstarfi m.a. við velferðarráðuneytið (félags- og heilbrigðisráðuneyti) og Norrænu ráðherranefndina, um velferðartækni, þar voru kynntar helstu nýjungar á þessu sviði á Íslandi helstu áherslur hinna Norðurlandanna. Á þessari ráðstefnu voru einnig kynnt drög að stefnumótun á þessu sviði.
 - b. Í skjali Velferðarráðuneytisins frá 2015 sem ber heitið [Stefna í nýsköpun og tækni á sviði velferðarþjónustu](#) eru hugtakaskilgreiningar sem rekast nokkuð á þá **þröngu** skilgreiningu sem lagt er upp með í frumvarpinu.
 - c. [Akureyrarbær](#) og [Reykjavíkurborg](#) hafa jafnframt sett sér stefnu á sviði velferðartækni og gefið út [kynningarefni](#) um slíkt.
 - d. Í aðgerðaáætlun sem Alþingi samþykkti um þjónustu við eldra fólk eru beinlínis tilgreindar aðgerðir á sviði velferðartækni og félagsþjónustu sveitarfélaga – sem ætla má að nú verði flokkaðar þröngt, sem heilbrigðisþjónusta undir skilgreiningum verkferla og eftirliti Embættis landlæknis. Meðal annars af því skilgreiningin nær ekki til fleiri málaflokka – þannig vantar heildarmynd í frumvarpið og skilaboð löggjafans um skilgreiningar og áherslur skortir samræmi.
 - e. Frumvarpið ber merki þess að vera samið í stjórnkerfi heilbrigðismála, þar sem ekki hefur verið yfirsýn eða látið hjá liggja að leita upplýsinga um það sem er í gangi á sviði velferðartækni, bæði hérlendis og í norrænu samhengi.

Því má spyrja: Hver skv. frumvarpinu, verða hlutverk og mörk félagslegrar þjónustu og heilbrigðisþjónustu um tæknilausnir í velferðarmálum? Lög um heilbrigðisþjónustu eru með þessu frumvarpi í breytingaferli og tillaga um að setja inn skilgreiningar og þar með (vegna hugtakanotkunar) þá vaknar óvissa um gildissvið og skörun s.s. hvað með lög um málefni aldraðra, málefni fatlaðs fólks, félagsþjónustu sveitarfélaga og barnavernd. Innan þessara málaflokka starfa starfsstéttir sem skilgreindar eru heilbrigðisstéttir.

Er ekki einmitt hér, tilefni til að horft sé á heildarmyndina og til þeirrar umræðu, áherslna og yfirlýsinga um mikilvæg aðgerða og ætlaðan ávinning af velferðartækni í þessum og öðrum þáttum velferðarþjónustunnar. Að öðrum kosti er er hætt við að mat starfsfólks og t.d. sveitarfélaga verði þannig að, velferðartækni sé verkefnasvið heilbrigðismála eða þar með skilgreint verkefni ríkisins. Ef það gerðist, yrði niðurstaðan dapurleg niðurstaða og eiginlega sjálfsmark og myndi líklega drepa enn

frekar á dreif áformum um markvissri innleiðingu velferðartækni í öðrum þáttum velferðarþjónustunnar og þróun hennar.

Með vísan til framgreinds stendur velferðarþjónustan öll frammi fyrir áskorunum sem bregðast þarf við svo við Íslendingar verðum ekki enn frekari eftirbátar á sviði velferðartækni.

Í frumvarpinu skortir á heildarmynd í velferðarmálum og mikilvægi tæknilegrar uppfærslu í málaflokknum, verkferlum og þjónustunni almennt. Afleiðing þessa frumvarps að óbreyttu, er einangrunarhyggja sem yrði frekari sílónæðing milli málaflokka og þjónustustofnana, með tilheyrandi samfélagslegu tapi og hindrunum í framþróun.

- f. Ef Alþingi lítur svo á að ekki þurfi að samþætta þjónustuna t.d. við eldra fólk, börn og fatlað fólk, sbr. þetta frumvarp, þá er ekki von til að framþróun með innleiðingu velferðartæknilausna, gerist á vettvangi eða í raunheimum notendanna.
 - g. Það er sérstakt að sjá að verkefni heilbrigðisþjónustu um velferðartækni eigi að skilgreinast í þeim lögum sérstaklega og utan um það sem kallað er „...stuðning til búsetu í heimahúsi“ þegar það að styðja við sjálfstæða búsetu eru viðfangsefni sem að langstærstum hluta er á forræði félagsþjónustu sveitarfélaga. Má skv. þessu mögulega ætla að velferðartækni í heimaþjónustu og þjónustu við fatlað fólk (tæknihliðin)– sé að færast á forræði heilbrigðisþjónustunnar? Slíkt getur engan veginn staðið til enda mannaflaskortur og fjarvera heilbrigðisþjónustu sýnileg þegar kemur að samstarfsverkefnum í málefnum einstaklinga og eða t.d. málefnum fatlaðs fólks.
2. Norræna velferðarmiðstöðin sem starfar á vettvangi norræna samstarfsins – hefur unnið lengi með málefni jaðarhópa og langveikra, eldri, fatlaðs fólks og barna. Þar er frekar skýr lína um að velferðartækni er ekki og á ekki að vera einkamál heilbrigðisgeirans eða félagsgeirans. Þess vegna eru lykilorðin í velferðartækni að skerpa á ábyrgð allra aðila – þeirra sem bera ábyrgð á málaflokkum og varðandi samstarf um lausnir. [Sjá hér útgáfu um þetta efni hjá NWC](#) og þar eru einnig aðrar og skýrari áherslur um þátttöku notendanna og starfsfólks – notendasjónarmið, við notkun og innleiðingu velferðartæknilausna. Hérlandis er líka vandinn m.a. að lengi vel hafa verið veikleikar í skráningarkerfum bæði félags og heilbrigðisgeirans, og sérstaklega verið fjallað um samskiptaleysi, aðgengi að upplýsingum og miðlun milli þjónustuaðila (sjá [úttekt KPMG sem unnin var fyrir EL](#)).
3. Aðgangshindranir og óskýr mörk t.d. eftirlitsstofnana og milli þeirra er ein af ábendingum í samráðsgátt. Því þarf að veita athygli þegar skilgreiningar sem frumvarpið ávarpar eru settar fram því um leið er verið að skilgreina hvata til innleiðingar og eða hindranir fyrir þróun á nýjum lausnum á sviði velferðartækni. Kalla þarf eftir ábendingum og umsögnum fleiri aðila sem hafa verið að vinna að, innleiða eða setja upp lausnir á sviði velferðartækni. Í umsögninni er beinlínis bent á tafir og fyrirstöður EL og óeðlilega blöndu af umsjón og verkferlum og eftirlitshlutverki og eigin þróunarverkefnum embættisins. Á málþingum um velferðartækni sem undirritaður hefur tekið þátt í síðan 2011, hefur iðulega verið lýst vanda fyrirtækja, stofnana og einstaklinga til að nýta eða innleiða tækni og tól sem eru notuð á norðurlöndunum og innan EU – en ná ekki inn hérlandis vegna óskýrra heimilda, skilgreininga og hlutverka og óskýrleika um hlutverk Persónuverndar annars vegar og EL hins vegar.
4. Hægt er að tína til ýmsa þætti og úrræði sem falla undir velferðartækni, sem sýna að möguleg afmörkun eða skilgreining á hugtakinu velferðartækni í lögum um heilbrigðisþjónustu sérstaklega, væri ekki vænleg. Slíkt er líklegt til að skapa óskýrleika um reglur, leyfi og eftirlit. Dæmi um slíka tækni/úrræði gæti verið: skol og lyftu salerni, fall og neyðarhnappur með

samskiptarás, sturtubúnaður og blásarar í sturtuklefa/baði, raf- og eða raddstýringar eða lyftur á heimili einstaklinga (vegna tímabundinnar eða varanlegrar færniskerðingar), lyfjaskammtari á eigin heimili, sérhönnuð útvarpstæki og ljósastýringar á heimili, dag- og árstíðatengd stýring á ljósi / dags og næturbirtu t.d. vegna óróleika eða vanlíðan, úthringiver vegna stuðningsþjónustu / félagsþjónustu í dreifðum byggðum og eftirfylgdarþjónustu og margt fleira mætti telja.

5. Tílefni frumvarpsins er í raun miklu stærra en lagt er upp með. Í raun kallar frumvarpið á að sem allra fyrst verði settur heildstæður lagarammi um velferðartæknilausnir og notkun þeirra í almannaþjónustunni og þá nýsköpun sem því fylgir. Slíkur rammi myndi styrkja opinbera aðila og einkaaðila í að innleiða og þróa þjónustuna og mögulega efla tæknivæðingarferlið.
6. Íslenska ríkið og sveitarfélög virðast eftirbátar nágranna sinna á Norðurlöndum þegar kemur að velferðartækni og samhæfingu þjónustu í félags-, heilbrigðis, mennta og barnamálum. Áform um framþróun og innleiðingu velferðartækni sem hófst hérlendis um 2014 (en á Norðurlöndunum um 2007), hefur nú staðið hér í 10 ár með frekar óljósum eða takmörkuðum árangri. Færa má rök fyrir að ef ekki hefði verið fyrir heimsfaraldur síðustu ára, væri t.d. óvíst hvort fjarþjónustuver Reykjavíkurborgar sem startað var í skyndi (á grunnu neyðar) í upphafi heimsfaraldurs og starfað hefur síðustu 4 ár, hefði litið dagsins ljós m.a. vegna kerfislægra fyrirstaðna og óskilgreindra ferla við innleiðingu.

Undirritaður lýsir sig tilbúin til að þess að koma á fund velferðarnefndar til frekari umræðu um nauðsyn öflugrar stefnumótunar þar sem tækni og nýsköpun í velferðarþjónustunni allri, þurfa að vera í forgrunni.

Virðingarfyllst,

Halldór S. Guðmundsson